

Nd.

122. Frumvarp til laga

[74. mál]

um samræmingu á leturborðum ritvéla.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að setja reglugerð um samræmingu á leturborðum þeirra ritvéla, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allir þeir, sem eitthvað fást við vélritun að ráði, hafa rekizt á þá erfiðleika, er orsakast af því ósamræmi, sem er í niðurröðun „lykla“ (bókstafa, greinarmerkja og annarra merkja) á leturborðum þeirra ritvéla, sem í notkun eru hér á landi. Einkum er þetta ósamræmi mikið að því er varðar íslensku stafina svokölluðu, til dæmis þ, æ og ð. Það virðist einungis komið undir persónulegum smekk viðkomandi verksmiðjustjórnar eða innflytjenda, hvar þeir stafir eru settir á leturborð þessarar eða hinnar ritvélategundarinnar. En af þessu leiðir, að þeir, sem við vélritun starfa, verða að venja sig við meira eða minna breytt leturborð í hvert sinn sem skipt er um ritvél.

Frumvarp þetta er flutt fyrir áeggjan nokkurra ungra skrifstofustúlkna, sem vilja ekki lengur láta við svo búið standa, enda augljóst, að hér mætti ráða bót á með lítilli fyrirhöfn, að minnsta kosti hvað snertir ritvélar þær, sem í framtíðinni verða fluttar inn. — Flutningsmaður hefur það sem sé eftir mönnum, sem fróðir eru um ritvélar, að verksmiðjur þær, sem hér eiga hlut að máli, mundu allar fúslega vilja framleiða ritvélar með hverri þeirri skipan leturborðs, sem sérstaklega væri beðið um til Íslands. Hér vantar því ekkert nema opinber fyrirmæli, sem fastákvæðu í eitt skipti fyrir öll, hvernig vera skuli niðurröðun „lykla“ á ritvélum, sem keyptar eru til landsins.

Virðist sjálfsagt, að í þessu máli sé leitað álits kunnáttufólks, t. d. vélritunar-kennara og vélritunarstúlkna, og ef til vill einnig innflytjenda ritvéla.